

19. janúar, 2007

HEILDARTEKJUR ÁRSINS NEMA 42,4 MILLJÖRÐUM KRÓNA

Yfirlit 2006

- Heildartekjur á árinu 2006 ISK 42,4 milljarðar
- Tap fyrir skatta ISK 12,5 milljónir
- EBITDA ISK 4,4 milljarðar - EBIT ISK 2,5 milljarðar
- Tap eftir skatta 187 milljónir
- Heildareignir í árslok 64,5 milljarðar – (150% aukning)
- Veltufé frá rekstri 3,2 milljarðar
- Eigið fé 31. október 18,6 milljarðar - eiginfjárlutfall 29,1%
- Veltufjárlutfall 1,16
- Uppgjör Eimskips verður í evrum frá og með 1. nóv 2006

Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, dótturfélags Hf. Eimskipafélags Íslands:

“Vöxtur Eimskips var mikill á árinu og afkoma var góð. Félagið fjárfesti í mörgum erlendum fyrirtækjum á árinu og voru öll kaup miðuð að stefnu félagsins um að auka hlutdeild í hitastýrðri flutningastarfsemi og efla aðra flutningastarfsemi.”

Í upphafi ágúst tilkynnti móðurfélag Eimskips, Hf. Eimskipafélag Íslands, áætlanir sínar um kaup á Atlas Cold Storage Income Trust á genginu 7 kanadíska dollara á hlut. Heildarkostnaður yfirtökunnar, að viðbættum áætluðum skuldum félagsins var að andvirði 630 milljóna kanada dollara. Tilboðið var gert í gegnum Eimskip Atlas Canada, Inc., sem er dótturfélag Eimskips. Eftir að tilboðið hafði verið framlengt þrisvar náði Eimskip Atlas Canada, Inc. samkomulagi við Atlas Cold Storage um yfirtökutilboð í allt hlutafé félagsins. Samkomulagið fól í sér að Eimskip hækkaði tilboð sitt úr 7 CAD á hlut í 7,50 CAD á hlut.

Eftir ítarlega skoðun á valmöguleikum varðandi framtíðarstefnu félagsins ákvað stjórn Atlas Cold Storage að tilboð Eimskips væri hagstætt fyrir hluthafa Atlas og mælti stjórnin einróma með því að hluthafar tækju nýja tilboðinu. Í kjölfarið eignaðist Eimskip alla hluti í Atlas Cold Storage.

Í lok september keypti Innovate Holdings Limited, dótturfélag Eimskips, allt hlutafé í Corby Chilled Distribution Limited sem er leiðandi í dreifingu á hitastýrðum matvælum í Bretlandi. Kaupin styrktu stefnu Eimskips um að verða leiðandi aðili í hitastýrðum flutningum á alþjóðavísu og bæta við öflugt þjónustunet sem samanstendur af kæligeymslum, sterkum dreifileiðum og flutningakerfum í Bretlandi. Mikil samlegðaráhrif eru milli fyrirtækjanna og getum Eimskip nú boðið viðskiptavinum sínum í Bretlandi upp á enn betri og umfangsmeiri þjónustu í hitastýrðum flutningum.

Eimskip gekk einnig frá kaupum á 65 % hlut í finnska skipafélaginu Containerships í september. Nú er unnið að sameiningu Containerships og Kursiu Linija sem Eimskip eignaðist fyrr á árinu en saman munu félögin mynda eitt stærsta flutningabandalag Evrópu í styttri siglingum (short sea). Stefna Eimskip er að verða leiðandi aðili í styttri siglinum á markaðssvæðinu, sem vex gífurlega hratt.

Í október festi Eimskip kaup á 100% hlut í bandaríska flutningsmiðlunarfyrirtækinu Pacific Trammer Services, Inc. (PTI). PTI hefur verið leiðandi í flutningum á frosnum fiski frá Alaska í yfir 20 ár. Fyrirtækið er með aðalskrifstofu í Seattle á vesturströnd Bandaríkjanna og umfangsmikla starfsemi í Dutch Harbor í Alaska, tengda rekstri á frystigeymslu og hafnaraðstöðu. Kaup Eimskips á PTI munu styrkja stöðu Eimskips í Alaska verulega, m.a. með möguleikum á frekari þróun á frystigeymsluþjónustu í Dutch Harbor og þróun á frystiskipþjónustu til Evrópu og Asíu. Þá opnast möguleikinn á því að tengja Alaska og norðvesturhluta Bandaríkjanna við alþjóðlegt flutnings- og frystigeymslunet Eimskips.

Eimskip boðaði einnig aukna sókn í Kína bæði með opnun þriðju skrifstofu sinnar þar í landi og með viljayfirlýsingu um rekstur stærstu kæligeymslu í Kína. Eimskip opnaði skrifstofu í Shenzhen í nóvember en þar er næst stærsta gámahöfnin í Kína og mun starfsemin þar að mestu snúast um vörustýringu sjávarafurða ásamt því að auka og þróa viðskiptamöguleika hvað varðar ávexti og grænmeti.

Einnig undirritaði Eimskip viljayfirlýsingu um rekstur stærstu kæligeymslunnar í Qingdao-höfn sem er mjög spennandi verkefni og styður við núverandi starfsemi Eimskips í Kína. Bygging kæligeymslunnar er komin vel á veg en stefnt er á að hún verði tekin í notkun á fyrri hluta þessa árs. Þetta er mikilvægur liður í þeirri sýn Eimskips að verða leiðandi aðili í hitastýrðum flutningum á heimsvísu en félagið hefur háleit markmið um nýtingu geymslunnar hvað varðar flutninga milli N-Ameríku og Asíu.

Nú nýverið gekk Eimskip frá kaupum á öllu hlutafé í Daalimpex beheer B.V. í Hollandi en fyrir átti Eimskip 40% hlut. Daalimpex er eitt stærsta frystigeymslufyrirtæki í Evrópu og rekur sex frystigeymslur í Hollandi. Kaupin á Daalimpex styrkja verulega stöðu Eimskips í hitastýrðum flutningum í Evrópu og rennir stoðum undir frekari uppbyggingu á kæliþjónustu á meginlandi Evrópu. Á síðastu mánuðum hefur Eimskip tekist að verða leiðandi aðili í frystigeymslum á alþjóðavísu með kaupum á Innovate og Corby í Bretlandi, Atlas Cold Storage í Kanada og Bandaríkjunum, og nú Daalimpex í Hollandi.

Rekstrarreikningur 1. nóvember 2005 til 31. október 2006

Mkr.	Raun 2006	Raun* 2005	Mism. 2005
Flutningatekjur.....	42.437	24.250	18.187
Flutningagjöld.....	(38.631)	(21.803)	(16.828)
Vergur hagnaður.....	3.806	2.447	1.359
Söluhagnaður eigna.....	420	114	305
Sameiginlegur kostnaður.....	(1.629)	(1.284)	(345)
Hagnaður/(tap) fyrir fjármagnsliði (EBIT).....	2.597	1.277	1.319
Fjármagnsliðir samtals.....	(2.666)	(70)	(2.596)
Áhrif hlutdeildarféлага.....	56	(10)	67
Hagnaður/(tap) fyrir skatta.....	(13)	1.197	(1.210)
Skattar.....	(175)	(212)	38
Hagnaður/(tap).....	(187)	985	(1.172)
EBITDA.....	4.469	2.615	
EBITDA / Veltu.....	10,4%	10,8%	
EBIT / Veltu.....	6,1%	5,3%	
Hagnaður / Veltu.....	-0,4%	4,1%	

Rekstrartekjur félagsins á árinu námu ISK 42.437 milljónum og jukust um 75% samanborið við 2005. Rekstrargjöld námu ISK 38.630 milljónum og jukust um 77% milli ára.

Tap félagsins á fjárhagsárinu nam ISK 187 milljónum en í fyrra var hagnaður ISK 985 milljónir.

Fjármagnsliðir félagsins voru neikvæðir um ISK 2.666 milljónir en þar af var óinnleyst gengistap um ISK 2.000 milljónir. Stjórn Eimskips hefur samþykkt að frá og með 1. nóvember 2006 verði evra uppgjörsmýnt félagsins.

*Samanburðartölur fyrir árið 2005 ná til 10 mánaða.

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir.....	33.110	17.497	15.613
Veltufjármunir.....	31.482	8.370	23.112
Eignir samtals.....	64.592	25.867	38.725

Eigið fé

Eigið fé hluthafa móðurfélags.....	16.756	7.363	9.393
Hlutdeild minnihluta.....	2.060	99	1.961
Eigið fé samtals.....	18.816	7.462	11.354

Skuldir

Langtímaskuldir.....	18.661	12.513	6.148
Skammtímaskuldir.....	27.114	5.892	21.222
Skuldir samtals.....	45.775	18.405	27.370

Eigið fé og skuldir samtals.....	64.592	25.867	38.725
---	---------------	---------------	---------------

Eiginfjárlutfall	29,1%	28,8%
Veltufjárlutfall	1,16	1,42

Á árinu breyttist efnahagsreikningur fyrirtækisins mikið. Aðalástæða þess eru yfirtökur á öðrum félögum.

Heildareignir voru ISK 64.591 milljónir í lok árs sem er ISK 38.725 milljóna aukning frá fyrra ári. Eigið fé jókst frá ISK 7.461 milljónum í ISK 18.816 milljón á árinu. Eiginfjárlutfall var 29,1% í lok tímabilsins. Tap á hlut var 0,05 kr. á árinu. Veltufjárlutfall er 1,16 en var 1,42 í lok árs 2005.

Í lok árs var handbært fé félagsins 14.017 milljónir.

Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri var 3.207 milljónir fyrir tímabilið. Handbært fé frá rekstri var 2.701 milljón. Fjárfestingarhreyfingar ársins námu 8 milljörðum samanborið við 4,6 milljarða á fyrra ári sem er yfir 70% aukning. Ástæður hækkunarinnar eru yfirtökur félaga á fjárhagsárinu og fjárfestingar í fastafjármunum.

Framtíðarhorfur

Áætlanir Eimskips gera ráð fyrir aukinni afkomu árið 2007 miðað við árið 2006. Velta Eimskips árið 2007 er áætluð um 100 milljarðar og áætluð EBITDA er 10 milljarðar.

Árstíðasveifla er nokkur í rekstri Eimskips. Fyrsti ársfjórðungur fjárhagsársins (nóv – jan) er jafnan lakastur í rekstri félagsins og sá fjórði bestur.

Kynningarfundur

Kynningarfundur verður haldinn þann 19. janúar í Sundakletti, húsaeynum Eimskips, Korngörðum 2, klukkan 8:30. Kynning fundarins verður birt á heimasíðu félagsins að fundi loknum. Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður félagsins og Baldur Guðnason forstjóri Eimskips kynna niðurstöður ársreiknings og svara fyrirspurnum.

Reikninginn er einnig hægt að skoða á heimasíðu móðurfélags Eimskips, Hf. Eimskipafélag Íslands: www.ei.is

Nánari upplýsingar veita:

Baldur Guðnason, Forstjóri Eimskips	+354 525 7202
Stefán Ágúst Magnússon, Fjármálastjóri Eimskips	+354 525 7202
Dögg Hjaltalin, forstöðumaður fjárfestatengsla	+354 899 0645